



## STJÓRN SSH 466. fundur

Mánudaginn 14. janúar 2019, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.  
Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

**1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1811004**

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið: Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, Hreinn Haraldsson, Eyjólfur Árni Rafnsson og starfsmenn verkfræðistofunnar EFLU, Guðmundur Guðnason og Berglind Hallgrímsdóttir.

Fulltrúar EFLU gerðu grein fyrir „Greiðslukerfi af bílaumferð“ sem er í notkun í Osló og Akershus svæðinu í Noregi, hvernig því kerfi er beitt til umferðarstýringar og tekjuöflunar vegna uppbyggingar og reksturs samgöngumannvirkja og til að stýra og draga úr aukningu umferðar innan þessara svæða .

Umræður

**2. Húsnæðismál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1703008**

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri og frá Íbúðalánasjóði, Anna Guðmunda Ingvarsdóttir og Ólafur Heiðar Helgason.

Ólafur og Anna kynntu yfirstandandi vinnu við ítarlega greiningu á húsnæðismakraði á landsvísu og sér í lagi stöðu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður þessarar greiningar munu liggja fyrir í þessum mánuði.

Umræður

**3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002**

Fyrir lá erindi frá samráðshópi velferðarsviða þar sem óskað er eftir að ráðinn verði sérstakur verkefnastjóri vegna undirbúnings og innleiðingar á endurnýjuðum samningi sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

**Niðurstaða:**

Stjórn telur ekki rétt að ráða sérstakan verkefnastjóra á þessu stigi máls, en felur framkvæmdastjóra að hafa yfirumsjón með og samræmingu á þeirri vinnu sem nú er í gangi vegna mótunar nýs samstafssamnings, sameiginlegra reglna og þjónustulýsingar og vinnu Strætó bs. við undirbúnings nýs útboðs á akstri.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50